



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 30. október 2020
2009043 RH

Efni: Sérreglur Vesturbyggðar vegna úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2020/2021

Visað er til tölvupósta frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 11. september 2020 og 14. október 2020 þar sem veittur er frestur til 30. október 2020 til að óska eftir tillögum um sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga.

Tölvupóstar ráðuneytisins voru lagðir fram á 24. fundi hafna og atvinnumálaráðs, 19. október sl. og 352. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar, 21. október sl. og var eftirfarandi tillaga að sérreglum fyrir Vesturbyggð staðfestar, en þær eru sambærilegar og tillögur sveitarfélagsins voru á síðasta fiskveiðiári 2019/2020.

Vesturbyggð óskar eftir að farið verði með úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa samkvæmt reglugerð nr. 728/2020 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021, með eftirtöldum breytingum:

- a) *Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.*
- b) *Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.*
- c) *Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.*



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Sérreglur þær sem hér eru lagðar til byggja á málefnalegum og staðbundnum ástæðum, þar sem horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni. Framangreind tillaga að sérreglum er sambærileg þeim sérreglum sem ráðuneytið staðfesti á fiskveiðiárinu 2019/2020. Eina starfandi fiskvinnslan á sunnanverðum Vestfjörðum er staðsett á Patreksfirði. Það er því mikilvægt að skylt verði að landa afla til vinnslu innan sveitarfélagsins, þar sem ekki er til að dreifa öðrum fiskvinnslum í þeim byggðalögum sem úthlutað er byggðakvóta. Sérreglur Vesturbyggðar útiloka þó ekki að ef sett verði á fót fiskvinnsla í öðrum byggðalögum innan sveitarfélagsins að unnt sé að landa til vinnslu í viðkomandi byggðalagi.

Með vísan til framngreinds er þess óskað að sérreglur Vesturbyggðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð á fiskveiðiárinu 2020/2021 verði staðfestar af hálfu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

Rebekka Hilmarsdóttir,
Bæjarstjóri Vesturbyggð